



## Spáum að verðbólga fari aftur undir markmið

Hagstofan birtir aprílmælingu vísitölu neysluverðs föstudaginn 27. apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,8% í 2,4% og fer þar með aftur undir verðbólguþá Seðlabankans.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,56% milli mánaða í mars. Þetta var yfir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu +0,4% til +0,45%. Við spáðum +0,4%. Munaði þar langmestu um reiknaða húsaleigu, sem hækkaði um 1,4%, en við spáðum 0,6% hækkun.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Greinendum hefur gengið óvenju illa að átta sig á **reiknaðri húsaleigu** síðustu mánuði. Við gerum nú ráð fyrir að hún muni hækka um 0,4% milli mánaða.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki um 6% milli mánaða.
- Við gerum ráð fyrir lækkun á verði **ökutækja** vegna gengisbreytinga.

Verð á evru hefur lækkað um 1,5% og verð á Bandaríkjadal um 1,4% milli verðkannana en styrking krónunnar hefur þau áhrif að lækka verð innfluttra vara og þar með að draga úr hækkunum almenns verðlags.

### Gerum ráð fyrir 2,7% ársverðbólgu í júlí


Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Mái: +0,1% milli mánaða, 2,3% ársverðbólga.
- Júní: +0,2% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga.
- Júlí: +0,1% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga.

Gangi spáin eftir fer ársverðbólgan aftur upp í verðbólguþá Seðlabankans í júní.

	Spá		
	Vægi í VNV	Breyting	Áhrif
Reiknuð húsaleiga	20,6%	0,40%	0,08%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	6,00%	0,06%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,0%	0,25%	0,03%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,40%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,12%	0,01%
Heilsa	3,9%	0,14%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,15%	0,00%
Föt og skór	3,5%	0,12%	0,00%
Tómst. og menning	9,7%	0,04%	0,00%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,00%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,3%	-0,05%	0,00%
Bensín	1,9%	-0,10%	0,00%
Póstur og sími	2,2%	-0,38%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,30%	-0,01%
Kaup ökutækja	6,9%	-0,61%	-0,04%
Alls	100,0%		0,16%

Mánaðarbreyting VNV í apríl



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




## Óvissa í verðbólguþróun næstu mánaða markast að töluverðu leyti af þróun fasteignaverðs


Litið til næstu mánaða má gera ráð fyrir að verðbólguþróunin muni einna helst ráðast af þróun fasteignaverðs. Þannig getur skipt miklu máli hvort að reiknuð húsaleiga lækki, eins og hún gerði á fjórða ársfjórðungi síðasta árs, eða hækki, eins og hún hefur gert á fyrsta fjórðungi þessa árs. Reiknuð húsaleiga lækkaði að meðaltali um 0,2% milli mánaða á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Ef sú breyting kemur til á tímabilinu maí-júlí verður verðbólga 2,5% í júlí næstkomandi. Reiknuð húsaleiga hækkaði að meðaltali um 1% nú á fyrsta ársfjórðungi. Ef sambærileg breyting verður á næstu mánuðum fer verðbólga upp í 3,3% í júlí.

## Ekki hefur dregið úr óvissu um þróun flugfargjalda nema síður sé


Flugfargjöld til útlanda er sá liður sem skýrir stóran hluta sögulegrar spáskekkju í spá okkar fyrir breytingar á VNV milli mánaða. Töliverð árstíðasveifla í liðnum auðveldar spágerðina, en árstíðasveiflan er einna skýrust í júlí, september og nóvember. Þrátt fyrir merkjanlega árstíðasveiflu í þessum lið getur verið töliverður munur á hlutfallslegri breytingu eftir árum. Að auki hefur ekki verið á vísan að róa með að árstíðasveiflan haldi sér yfir tíma og að hún hækki ávallt í sumum mánuðum en lækki í öðrum. Flugfargjöld hækkuðu í janúar 2015 og 2016 en hafa síðan lækkað í þessum mánuði bæði árin 2017 og nú árið 2018. Reglan í janúar og febrúar var á árabílinu 2014-2017 sú að formerkið breyttist milli mánaða. Ef það var hækkun í janúar var lækkun í febrúar og öfugt. Á þessu ári kom til nokkuð rífleg lækkun bæði í janúar og febrúar sem var í ósamræmi við mynstur síðustu ára. Nú í mars hækkaði verðið um 3% en til samanburðar hækkaði það einnig í mars árin 2015 og 2016 en lækkaði tölulvert í fyrra. Flugfargjöld hafa ávallt hækkað í verði í apríl á síðustu árum og teljum við að engin undantekning verði þar á. Meðalhækkun hefur verið 6% á síðustu þremur árum og spáum við því að sú hækkun verði einnig uppi á teningnum nú.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Sýnir 12 mánaða hækkan reiknaðrar húsaleigu  
Heimild: Hagstofa Íslands



Breyting frá síðasta mánuði  
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.